



Mennta- og barnamálaráðuneytið

Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Reykjanesbær, 17. september 2026
Mál nr. 2025060040 /00.11.02

Efni: Farsæld barna í Reykjanesbæ

Á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar þann 15. september 2026 var eftirfarandi fært til bókar:

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skorar á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi fjármögnun til sveitarfélaga vegna innleiðingar og framkvæmdar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Sveitarfélögin hafa byggt upp þjónustu og tekið á sig lögbundnar skyldur samkvæmt lögnum og mikilvægt er að tryggja stöðugleika og samfellu í þeirri þjónustu.

Í fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2027 er ekki gert ráð fyrir áframhaldandi sérstöku viðbótarfjármagni til sveitarfélaga vegna innleiðingarinnar. Bæjarstjórn Reykjanesbæjar telur mikilvægt að úr því verði bætt við meðferð frumvarpsins og að nauðsynlegt fjármagn fylgi þeim lögbundnu skyldum sem sveitarfélögunum eru falin.

Ofangreint tilkynnist hér með
f.h. Reykjanesbæjar

Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir
Skjalavörður

Afrit: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, fjárlaganefnd Alþingis.